

## AUGLÝSING um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Sauðfjárseturs á Ströndum.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 4. október 2013 stofnskrá Sauðfjárseturs á Ströndum.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Reykjavík, 7. júlí 2020.*

F.h. safnaráðs,

**Þóra Björk Ólafsdóttir** framkvæmdastjóri.

### Fylgiskjal.

#### **STOFNSKRÁ fyrir Sauðfjársetur á Ströndum ses.**

1. gr.

*Heiti.*

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og er nafn hennar Sauðfjársetur á Ströndum ses. Stofnunin er minjasafn sem starfar í almannapágu, hlítir safnalögum nr. 141/2011, lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og starfar eftir siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums).

2. gr.

*Heimilisfang.*

Heimilisfang og varnarþing stofnunarinnar er að Höfðagötu 3, 510 Hólmavík. Aðalstarfsstöð Sauðfjársetursins er í félagsheimilinu Sævangi í Tungusveit.

3. gr.

*Tilgangur og markmið.*

Tilgangur og markmið Sauðfjárseturs á Ströndum er að safna saman, varðveita, skrá og rannsaka muni, minjar, myndir, verkkunnáttu, frásagnir og aðrar heimildir sem hafa gildi fyrir sögu sauðfjárbúskapar í landinu með sérstakri áherslu á þátt Strandasýslu. Ennfremur að miðla þessari vitnesku til almennings með sýningahaldi, uppákomum, fyrilestrum og útgáfuverkefnum. Í þessu starfi er stofnuninni heimilt að hafa samstarf við einstaklinga, fyrirtæki, félög, stofnanir, sveitarfélög og ríki.

4. gr.

*Stefna og faglegt starf.*

Sauðfjársetur á Ströndum skal starfa eftir starfsstefnu sem mótuð er og endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Einnig skal safnið vinna eftir mótaðri söfnunar-, sýningar- og fræðslustefnu sem miðar að því að varpa ljósi á og efla þekkingu, skilning og áhuga almennings á viðfangsefnum safnsins. Skal söfnunar-, sýningar- og fræðslustefnan vera endurskoðuð af stjórn safnsins á tveggja ára fresti.

Safnkostur skal skráður í gagnasafnið Sarp og viðurkenndum aðferðum skal beitt við forvörlu muna og minja til að tryggja öryggi safnkosts. Á fastasýningu Sauðfjársetursins skal gefa góða innsýn í þá þætti sögunnar sem lúta að sauðfjárbúskap á Ströndum fyrr og nú. Þá getur safnið gert einstökum þáttum tengdum viðfangsefni sínu skil á sérsýningum eftir því sem aðstæður leyfa og stjórn safnsins ákveður. Safnið skal vera opið almenningi á auglýstum sýningartímum í a.m.k. þrijá mánuði á ári.

Rannsóknir á vegum safnsins skulu framkvæmdar og unnar á faglegum grundvelli og taka mið af starfssviði safnsins. Sauðfjársetrinu er heimilt að leita eftir samstarfi við önnur söfn, stofnanir, félög og almenning til að uppfylla hinarr faglegu forsendur sem rannsóknir krefjast að séu fyrir hendi.

Nr. 1008

7. júlí 2020

Safnið skal rækja fræðsluhlutverk sitt við almenning og erlenda gesti eftir fremsta megni, m.a. með áhugaverðum sýningum og vönduðu útgáfu- og kynningarstarfi. Safnið skal sinna fræðsluhlutverki til skóla sérstaklega og hafa um það samvinnu við aðra aðila eftir því sem við á.

5. gr.  
*Stofnandi.*

Stofnandi Sauðfjárseturs á Ströndum ses. er Félag áhugamanna um sauðfjársetur á Ströndum, kt. 580302-2890.

6. gr.  
*Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar felst í framlögðum eignum Félags áhugamanna um sauðfjársetur á Ströndum. Um er að ræða efnahagsreikning félagsins pr. 31. desember 2007 og 66,67% hlut í félagsheimilinu Sævangi í Strandabyggð (fasteignanr. 212-9073) sem félagini áskotnaðist á árinu 2008. Framlagðar eignir eru verðmetnar til áætlaðs raunverðs. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

7. gr.  
*Fjármögnun og tekjur.*

Tekjur Sauðfjárseturs á Ströndum ses. eru rekstrartekjur, vaxtatekjur og framlög. Heimilt er að biggja styrki, gjafir eða aðrar greiðslur vegna kostnaðar við rannsóknir, útgáfu, rekstur og aðra starfsemi á vegum safnsins. Gjafir og fjárfamlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt nr. 90/2003 með áorðnum breytingum.

Öllum tekjum skal varið til að standa undir starfseminni og öllum fjárhagslegum ávinningi sem hugsanlega verður af rekstri safnsins skal varið til eflingar þess.

8. gr.  
*Stjórn og starfssvið stjórnar.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þemur aðilum og þemur til vara. Stjórn er kjörin til fjögurra ára í senn og kýs fráfarandi stjórn nýja stjórn til sama tíma í lok kjörtímabils. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða.

Á fyrsta fundi nýskipaðrar stjórnar kýs hún sér formann, gjaldkera og ritara sem jafnframt gegnir starfi varaformanns. Stjórnin stýrir öllum málefnum Sauðfjárseturs á Ströndum ses. og kemur fram út á við fyrir hönd þess. Stjórnin sér til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn Sauðfjárseturs á Ströndum ses. getur veitt prókúrumboð fyrir stofnunina. Stjórninni er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur stofnunarinnar í samræmi við 25. gr. laga nr. 33/1999. Hún hefur jafnframt yfirumsjón með starfi framkvæmdastjórans og fylgist með því að hann uppfylli starfs skyldur sínar.

Stjórnin starfar eftir siðareglum ICOM, sinnir leiðsögu- og eftirlitshlutverki, beitir markvissri stefnumótun og tryggir framkvæmd og reglulega endurskoðun á safna- og sýningstarstefnu. Stjórnin hefur yfirumsjón með því að Sauðfjársetur á Ströndum ses. starfi samkvæmt skipulagsskrá þessari, söfnunar- og sýningstarstefnu og lögum sem gilda um starfsemi þess. Það er hlutverk sérhvers stjórnarmanns að tryggja velferð stofnunarinnar og árangursríka starfsemi hennar.

9. gr.  
*Stjórnarfundir.*

Formaður stjórnar Sauðfjárseturs á Ströndum ses. boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda og sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórnarfundir skulu boðaðir með minnst þriggja daga fyrirvara. Fundirnir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund og meirihluti atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðabók yfir stjórnar- og aðalfundi.

## 10. gr.

*Aðalfundur.*

Aðalfund Sauðfjárseturs á Ströndum ses. skal halda fyrir aprílok ár hvert og skal hann boðaður skriflega með 7 daga fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti stjórnarmenn stofnunarinnar, bæði aðal- og varamenn, forstöðumenn þeirra lögaðila sem eru stofnendur Sauðfjárseturs á Ströndum ses. eða fulltrúar þeirra og framkvæmdastjóri stofnunarinnar. Á aðalfundi skulu endurskoðaðir reikningar síðasta árs liggja fyrir og þeir skulu samþykktir af fundinum. Ársreikning skal senda viðeigandi stjórnvaldi. Einnig skal formaður stjórnar gera grein fyrir störfum síðasta starfsárs á aðalfundi og leggja fram áætlanir um rekstur og framkvæmdir hafins starfsárs.

## 11. gr.

*Forstöðumaður.*

Stjórn Sauðfjárseturs á Ströndum er heimilt að ráða forstöðumann eða safnstjóra til að vinna að verkefnum stofnunarinnar. Honum er skyldt að fylgja síðareglum ICOM í starfi sínu. Hann hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum er varða reksturinn, sé um reikningshald, ráðningu starfsliðs og umsýslu vegna minja og muna. Forstöðumaður á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Forstöðumann ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

## 12. gr.

*Starfsár, reikningsár og endurskoðun.*

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 1. mars ár hvert. Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilda endurskoðendur (eða endurskoðendafélög) til að endurskoða og árita reikninga fyrir hvert reikningsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna. Endurskoðað reikningshald fyrir hvert starfsár skal lagt fram fyrir aðalfund Sauðfjárseturs á Ströndum ses. á ári hverju.

## 13. gr.

*Hagnaður og tap.*

Hagnaði sem verður af starfsemi Sauðfjárseturs á Ströndum ses. skal varið til þeirra verkefna er greinir frá í 3. gr. stofnskrár þessarar. Þó er stjórn heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til sparnaðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar. Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum hennar eða fært á næsta reikningsár.

## 14. gr.

*Breyting stofnskrár.*

Heimilt er að breyta stofnskrá stofnunarinnar. Til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili. Til að auka skuld-bindingar aðila þarf samþykki þeirra allra. Gæta skal þess vandlega að breytingar fari ekki í bága við gildandi lög og reglur um safnastofnanir.

## 15. gr.

*Slit og skipti.*

Með tillögum um slit og skipti á Sauðfjársetri á Ströndum ses. skal fara sem um breytingar á stofnskrá þessari. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar. Safnkosti skal ráðstafað í samráði við viðkomandi höfuðsafn og öðrum eignum að höfðu samráði við viðkomandi ráðuneyti.

Nr. 1008

7. júlí 2020

16. gr.

*Önnur ákvæði.*

Þar sem ákvæði stofnskrár þessarar ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2020